

1 Umhverfis- og 2 samgöngunefnd

3 Staða ríkisfjármála er góð eftir farsæla stjórn Sjálfstæðisflokksins. Uppsafnaðar
4 innviðaskuldir blasa þó við í samgöngu-, orku- og umhverfismálum og getur sú staða
5 skapað hættu á afturför í efnahagsþróun á komandi árum. Hagfelld og skilvirk stefna í
6 þessum efnum, sem stuðlar að aukinni velferð og hagsæld, verður þó aðeins byggð upp á
7 hugsjónagrunni frelsis og framtaks einstaklingsins.

8 Orku og umhverfismál

9 Íslendingar eiga mikið undir umhverfinu og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Sjálfbær
10 þróun sem mætir kröfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða,
11 byggist á þremur meginþáttum; vistfræðilegum, félagslegum og efnahagslegum, sem eru
12 óaðskiljanlegir og háðir hver öðrum. Ákvarðanir og aðgerðir varðandi nýtingu og vernd
13 náttúrunnar skulu teknar með sjálfbærni og framtíðarafkomu þjóðarinnar að leiðarljósi.
14 Hlutverk stjórnvalda er að skapa það umhverfi að hægt sé að ná settum markmiðum og
15 vega þar m.a. þungt aðgerðir sem hvetja til orkuskipta í lofti, láði og legi.

16 Þegar kemur að nýtingu náttúruauðlinda Íslands hefur reynst vel að nýtingar- og
17 afnotaréttur sé í höndum einkaaðila. Virða ber eignar- og nýtingarrétt einstaklinga á
18 auðlindum og ekki grípa til þjóðnýtingar eða skerðingar á þeim réttindum, nema brýna
19 nauðsyn beri til.

20 Ráðstöfun nýtingarréttinda á auðlindum í opinberri eigu skal vera gagnsæ með
21 almannahag að leiðarljósi. Vinna ber gegn þeim sjónarmiðum að ríkið þurfi að eignast
22 allt land sem metið er mikilvægt m.t.t. náttúruverndar.

23 Hvetja skal til nýsköpunar og notkunar á nýjum tæknilausnum þegar kemur að
24 endurvinnslu og flokkun úrgangs og skapa aðstæður fyrir aukna samkeppni. Til að
25 fyrirtæki geti þróað nýjar lausnir á þessu sviði þurfa þau að geta nálgast hráefni og orku
26 til verðmætasköpunar og því er mikilvægt að stuðlað verði að bættu aðgengi að ónýttum

27 afurðum framleiðsluferla ásamt grænni orku. Í þessu sambandi má benda á mikil
28 sóknarfæri í nýtingu lífræns úrgangs til uppgræðslu og áburðarframleiðslu.
29 Ráðast skal í markvissar aðgerðir til að draga úr plastmengun á landi sem og í sjó og
30 vinna gegn súrnun sjávar. Unnið skal að uppgræðslu og jarðvegsbindingu m.a. sem þátt í
31 loftslagsmálum í samstarfi við þá sem hafa, vilja og geta grætt og ræktað landið.

32 Uppbygging þjóðgarða verður að vera í sátt við sveitarfélög, landeigendur,
33 nýtingarréttarhafa og aðra hagaðila og gefa þeim kost á sjálfbærri auðlindanýtingu. Eigi
34 að auka umfang þjóðgarða og friðlýstra svæða, má slíkt ekki fara út fyrir markmið
35 friðlýsingar og ávinningur þarf að vera ljós. Líta þarf til þess að tryggja ferðafrelsi um
36 hálendi Íslands, öruggan flutning raforku, nauðsynlega nýtingu auðlinda og innviði því
37 tengdu. Leggja ber áherslu á að stjórnun og umsjón friðlýstra svæða og þjóðgarða sé sem
38 mest í höndum heimamanna í samráði við þá sem nýta og njóta svæðisins. **Orkuöflun**
39 **og orkuflutningur**

40 Ljóst er að auka þarf til muna græna orkuöflun svo að unnt sé að skipta út
41 jarðefnaeldsneyti fyrir græna orkugjafa. Horfa verður til nýrra eldsneytisgerða eins og
42 t.d. rafmagns og vetnis þegar kemur að siglingum og flugsamgöngum. Samdráttur í
43 innflutningi á jarðefnaeldsneyti er mikilvægt markmið bæði í umhverfislegu og
44 efnahagslegu tilliti.

45 Tryggja þarf orkuöryggi með nauðsynlegum innviðum og framboði um land allt.

46 Klára þarf einföldun regluverks vegna virkjanaframkvæmda. Móta þarf regluverk um
47 uppbyggingu vindorkuvera sem fyrst, til þess að vindorka sé raunverulegur valkostur. Til
48 að orkuskipti í samgöngum geti gengið greiðlega þarf að mynda jákvæða hvata fyrir
49 fyrirtæki og einstaklinga.

50 Brýnt er að flýta frekari uppbyggingu á flutningskerfi raforku, vegna loftlagsmarkmiða,
51 til að bæta afhendingaröryggi í einstökum landshlutum og auka um leið
52 samkeppnishæfni þeirra. Hryggjarstykkið í því að ná markmiðum í loftslagsmálum er
53 öflugt flutningskerfi raforku. Gæta skal að því að landeigandi fái sanngjarnt leiguverð
54 fyrir það landsvæði sem fer undir flutningskerfi raforku. Áfram skal lögð áhersla á
55 dreifingu þriggja fasa rafmagns og tryggja að flutningur og dreifing raforku sé örugg og
56 verðlagning sanngjörn óháð staðsetningu. Þannig jöfnum við tækifæri einstaklinga og
57 fyrirtækja í landinu til verðmætasköpunar. Stjórnvöld verða að tryggja með öllum

58 tiltækum ráðum afhendingaröryggi raforku um allt land og ryðja þannig braut að grænni
59 atvinnuuppbyggingu og orkuskiptum.

60 Koma þarf í veg fyrir frekari „gull- eða blýhúðun“ á Evróputilskipunum og alþjóðlegum
61 skuldbindingum í umhverfis- og loftslagsmálum. Að sama skapi er brýnt að undið verði
62 ofan af þeim lögum og reglum sem hafa verið hertar meira en góðu hófi gegnir og skerða
63 fyrir vikið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

64 **Nýting auðlinda hafsins**

65 Íslendingum ber að vera leiðandi í sjálfbærum veiðum og framsýnni þróun til verndar
66 lífríkis sjávar enda eigum við mikið undir gjöfulem auðlindum hafsins. Þá áréttar
67 landsfundur að einkaframtak og eignaréttur feli í sér áhrifaríkustu náttúruverndina og
68 hvetur til þess að greitt verði fyrir leið einkaframtaks á því sviði. Nýsköpun og samstarf
69 frumkvöðla, fyrirtækja og opinberra aðila, þar sem því verður við komið, er áhrifaríkasta
70 framlagið í sameiginlegu átaki til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. Nýta ber
71 jákvæða hvata til að hraða framþróun á þessu sviði.

72 Fiskeldi er mikilvæg viðbót við verðmætasköpun í landinu og *getur orðið ein af*
73 *lykilstoðum íslensks efnahagslífs með jákvæðum áhrifum á atvinnulíf og*
74 *byggðapróun. Til þess að svo geti orðið er nauðsynlegt að skapa skilyrði fyrir ábyrga*
75 *og sjálfbæra uppbyggingu greinarinnar, þar sem umhverfis-, samfélags- og*
76 *efnahagslegir þættir eru í forgrunni.*

77 *Mikilvægt er að gerðar séu skýrar kröfur í umhverfismálum sem varða erfða- og*
78 *lífefnamengun og stuðla með því móti að jafnvægi milli verðmætasköpunar og*
79 *sjálfbærrar þróunar.*

80 skýrar

81 **Samgöngur - lífæð samfélagsins**

82 Samgöngur eru lífæð samfélagsins. Með fjölgun íbúa, ferðamanna og aukinni
83 atvinnuuppbyggingu hefur safnast upp innviðaskuld í samgöngumálum. Allar samgöngur
84 eru landi og þjóð mikilvægar hvort heldur í lofti, láði eða legi. Þá hefur innviðaskuld í
85 samgöngumálum farið stöðugt vaxandi í meira en 20 ár, hvort heldur litið er til
86 samgangna á höfuðborgarsvæðinu eða þjóðvegakerfisins á landsbyggðinni. Auknar
87 framkvæmdir í samgöngum geta skilað samfélaginu miklum ábata, s.s. í bættu
88 umferðaröryggi, auknum hagvexti, sterkari landsbyggð og umhverfisvænni samgöngum.

89 Sjálfstæðisflokkurinn leggur ríka áherslu á að ráðist verði skipulega í skjóta, skilvirka og
90 hagkvæma uppbyggingu í samgöngumálum um allt land, með það að meginmarkmiði að
91 áðurnefnd innviðaskuld verði gerð upp.

92 Brýnt er að endurskoða áherslur í vegagerð vegna aukinnar umferðar. Endurskoða
93 verður vegalög og innleiða í vegagerð hér á landi alþjóðlega staðla svo að vegfarendur
94 njóti sambærilegs umferðaröryggis og í nágrannalöndum okkar. Ástand vega er víða
95 mjög slæmt vegna þess að vegir eru ekki hannaðir fyrir það umferðarálag sem á þeim er.
96 Því þarf að gera Vegagerðinni kleift að fylgja eftir þeim hönnunarstöðlum sem
97 umferðarþungi krefst hverju sinni ásamt tilheyrandi öryggisráðstöfunum.

98

99 Sjálfstæðisflokkurinn vill að samgöngur verði byggðar upp með það fyrir augum að
100 markmið um arðbæra nýtingu fjármuna, greiðari samgöngur, aukin lífsgæði og valfrelsi í
101 samgöngum verði náð innan skynsamlegra kostnaðarmarka. Forsenda skilvirkra og
102 þjóðhagslega hagkvæmra samgöngukerfa er að fólk hafi raunverulegt valfrelsi um
103 samgöngumáta, hvort heldur litið sé til almenningsamgangna eða akandi, hjólandi eða
104 gangandi umferðar fólks. Einn samgöngumáti má ekki útiloka eða þrengja að öðrum.

105 Greiðar samgöngur þar sem fólk hefur val um samgöngumáta er megináhersla
106 Sjálfstæðisflokksins. Við uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu verður að
107 leggja áherslu á áfangaskiptingu og bráðaaðgerðir sem greiða fyrir umferð strax eins og
108 fjölgun forgangsakreina fyrir almenningsamgöngur, auka tíðni vagna, gerð mislægra
109 gatnamóta og annarra stofnvegaframkvæmda þar sem þjóðhagslega dýrar umferðatafir
110 eru.

111 Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafi yfirsýn yfir framgang
112 Samgöngusáttmálans og veiti kostnaðaraðhald á öllum stigum framkvæmdar hans.

113 Samgöngumál höfuðborgarsvæðisins hafa ratað í óefni og tímatap fólks og fyrirtækja
114 vegna hægagangs í umferðinni mælist í tugum milljarða króna á ári hverju. Ekkert
115 samfélag stendur undir slíkri sóun. Sundabraut er dæmi um nauðsynlegar
116 samgöngubætur þar sem nýta mætti kosti einkaframtaksins og ber að flýta sem mest.

117 Sjálfstæðisflokkurinn vill að litið verði til jarðgangna sem álitlegs kosts í lagningu nýrra
118 stofnæða á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdir verði utan samgönguáætlunar og
119 fjármagnaðar með notendagjöldum og öðrum afleiddum tekjum sem skapast svo sem

120 vegna aukins landrýmis. Framkvæmd verði í samstarfi einkaaðila og hins opinbera.
121 Þannig verður fjölbreyttum ávinningi náð fram sem eykur lífsgæði, skapar svigrúm til
122 uppbyggingar innviða og greiðir fyrir umferð.

123 Greiðar og öruggar samgöngur eru mikilvægar undirstöður atvinnulífs og styrkja
124 samkeppnishæfni byggðarlaga landsins. Leggja verður stórauðna áherslu á uppbyggingu
125 og viðhald stofn- og tengivega um land allt og forgangsraða verkefnum eftir
126 umferðaröryggi. Skilgreina þarf ferjuleiðir sem hluta af þjóðvegakerfinu. Þá þarf að
127 móta áætlun um gerð og fjármögnun jarðgangna á landsbyggðinni til lengri tíma. Það
128 sé til dæmis gert með stofnun jarðgangnafélags að færeyskri fyrirmynd sem myndi
129 annast rekstur, fjármögnun og útboð. Notendagjöld í jarðgöngum sem þegar eru í
130 rekstri verði hluti af fjármögnun félagsins. Fækka verður einbreiðum brúm um land allt
131 og halda áfram að tvöfalda þjóðvegi. Vegakerfið er stærsta einstaka eign ríkisins, tryggja
132 þarf Vegagerðinni fjárheimildir til að viðhalda vegakerfinu og halda því opnu með öflugri
133 vetrarþjónustu. Náttúra Íslands hefur minnt rækilega á sig víða um land, það kallar á að
134 gert sé ráð fyrir flóttaleiðum vegna byggðra svæða og þjónustu þeirra til að tryggja
135 öryggi samfélaganna.

136 Ráðast þarf í flýtiframkvæmdir í samgöngum á grundvelli fjölbreyttari fjármögnunar og í
137 samstarfi við einkaaðila. Með því móti verður unnt að hraða uppbyggingu
138 samgöngumannvirkja og vinna á ört vaxandi vanda vegna umferðarflæðis og ónýtra
139 vega.

140 **Samgöngur í lofti**

141 Reykjavíkflugvöllur er miðstöð sjúkra- og innanlandsflugs. Flugvöllinum skal því
142 tryggð áframhaldandi aðstaða í Vatnsmýrinni og hið fyrsta skal hefjast handa við
143 byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar. Flug- og rekstaröryggi Reykjavíkflugvallar
144 verði ekki ógnað s.s. með uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á flugvallarsvæðinu í
145 Skerjafirði. Grunnforsenda er að þar séu reknar tvær flugbrautir til frambúðar. Þá er
146 almannavarnarhlutverk vallarins fyrir íslenskt samfélag mikilvægt eins og bent hefur
147 verið á og eru viðbragðsaðilar og bjargir fluttar að og frá flugvöllinum á vettvang slysa og
148 hamfara. Reykjavíkflugvöllur er einn fjögurra alþjóðaflugvalla landsins og gegnir
149 mikilvægu hlutverki sem varaflugvöllur fyrir Keflavíkflugvöll. Því er mikilvægt að ekki
150 verði þrengt að rekstrarhæfi vallarins.

151 Rekstrargrundvöllur og öryggi flugvallarkerfisins verði tryggt með því að setja Isavia
152 eigendastefnu sem miðar að því að tryggja öryggi og rekstur allra flugvalla á landinu.
153 Skilyrði uppbyggingar og þróunar um land allt eru að stuðlað sé á markvissan hátt að

154 aukningu millilandaflugs um aðrar gáttir en Keflavík. Með því fæst bætt flugöryggi og
155 jafnari dreifing ferðamanna um landið allt.

156 Landsfundur leggur áherslu á að innanlandsflug verði með svipuðu sniði og verið hefur.
157 Áfram verði stutt við flugleiðir til jaðarbyggða, þó þannig að hagkvæmni sé gætt í
158 hvívetna. Stutt verði áfram við Loftbrúna (skosku leiðina). Skipulagsvald einstakra
159 landssvæða sem nýtt eru til landvarna sem og undir alþjóðaflugvelli skal vera hjá ríkinu.

160 **Sveitarstjórnarstigið – öflugri sveitarfélög**

161 Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á sjálfstæð og öflug sveitarfélög sem geta tekist á
162 við lögboðin verkefni þeirra. Stuðla þarf að aukinni samvinnu þeirra eða sameiningu í
163 sátt við vilja íbúa. Landsfundur áréttar að í sjálfstæði sveitarfélaga felst að þau ráða
164 álagningarhlutfalli útsvars og fasteignaskatts sjálf innan þeirra marka sem lög setja.
165 Fullnýting tekjustofna getur aldrei verið markmið sveitarfélaga og þau þurfa að hafa
166 eðlilega hvata til að halda álögum eins lágum og kostur er. Greina verður
167 fjármögnunargrunn sveitarfélaga og mögulegar orsakir og afleiðingar vanfjármögnunar
168 á grunnþjónustu þeirra. Endurskoða þarf skattstofn fasteignaskatta með það að
169 markmiði að draga úr sveiflum á skattstofninum og gera þróun hans fyrirsjáanlegri.
170 Virðisaukaskattur verði afnuminn af skilgreindum innviðaframkvæmdum sveitarfélaga.
171 Gera á sveitarfélögum kleift að flýta samgönguframkvæmdum á samgönguáætlun með
172 því að taka málin í eigin hendur. Auðvelda þarf sveitarfélögum að útvista verkefnum og
173 nýta krafta einkaaðila þegar það á við, svo sem í leikskólum, grunnskólum og
174 velferðarþjónustu.
175 Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að tryggt sé nægt framboð íbúðalóða á hverjum
176 tíma.